

### Ályktun um samgönguáætlun

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Hótel Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, lýsir vonbrigðum yfir því að Alþingi og ríkisstjórn hafi ekki náð samkomulagi um afgreiðslu Samgönguáætlunar 2024-2038 og fimm ára framkvæmdaáætlunar. Ítrekuð eru þau verkefni sem fyrri Fjórðungsþing hafa ályktað um varðandi framkvæmdir á stofnvegum, tengivegum og jarðgöngum á Vestfjörðum auk viðhalds og þjónustu.

Fjórðungsþing skorar á starfstjórn og nýtt Alþingi Íslendinga að efna þau loforð sem Vestfirðingum hafa áður verið gefin.